

**Umhverfissvið
Reykjanesbæ****Framkvæmdaleyfi vegna bílastæða við Seltjörn**

Reykjanesbær 5. maí 2020

Málsnr. -

Með vísan til framkvæmdalýsingar dags 18.03.2020 og umsagnar HES dags 04.05.2020 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við bílastæði Seltjörn. Um er að ræða bílastæðið á svæði 6, skýringamynd B eins og það er merkt á deiliskipulagsuppdrætti

Svæðið er deiliskipulag samkvæmt uppdrætti auglýstum í B-deild stjórnartíðinda 28. febrúar 2019.

Samskiptaaðili Reykjanesbæjar á meðan framkvæmdum stendur er Sigurður Ingi Kristófersson Deildarstjóri umhverfismála. Hann hefur eftirlitið með að framkvæmdin samræmist útgefihu framkvæmdaleyfi.



Gögn eru:

- Erindi umhverfismiðstöðvar: Framkvæmdalýsing og tölvupóstur með uppdráttum dags 18.03.2020
- Erindi skipulagsfulltrúa til HES dags 28. apríl 2020
- Umsögn HES 04.05.2020

Samþykkt var á fundi Umhverfis og skipulagsráðs dags. dd. mm 20-- og staðfest á fundi bæjarstjórnar dags. dd. mm 20--

Virðingarfyllst,

Gunnar Kr Ottósson arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæ



Hlut í úr Aðalskipulagi Reykjanesskáldar 2015-2030

GÝRNINGAR	
	bjólfvegur
	Adlökin og þjónustuvegur
	Megingjörguleið legi stíga leibeinandi
	Ulfvartstígar legi stíga leibeinandi
	Griðursvæði
	Völlendi
	Skýrgrekt
	Vainsvned fjarssvæði
	bjórustaðsláða -bláðsláða > 10 -sorp -sælum
	Biliásteði fyrir <7 bila
	Biliásteði fyrir 10< bila
	Útgerfissæðir
	Aningaðastadir
	Upptýsingaskilti
	Skráðar forminjar

Deiliskipulag þetta sem lengið hefur meðferð í samræmivið ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykki í
..... þann 20.
og í þanr 20.

Tillagan var auglýst frá 20 með
athugasemdafresti til 20.

Lagfært m.t.t. athugasenda Skipulagsstofnunar dags.
10.10.2018. Breytt 20.12.2018 og 21.1.2019,
fornleifum þessi við inn í upprátt og greinargerð.
Formelskráning er fylgskjal með

[delfkiputaginu](#)

	REYKJANESBÆR	
SÍMI: 855-11111 FAX: 855-11112 E-MAIL: REYKJANESBÆR@REYKJANESBÆR.IS		
	LANDHOTEL	
DEILISKPULAG SELTJÖRN OG SØLBREKKUSKOGUR TILLAGE		
DEILISKPULAG – SKRÝNINGARFÖRÐUTÁTTUR	MÍNLÆÐI ÓFL. MC NÚNAÐI MC SAMHÉTTI ET.	
41000 - 2 500 41	EINHEDUR	DAG 03.05.2010
2000 MC/100	01	





Reykjanesbær
b.t. Gunnar Kr. Ottósson
Tjarnagata 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 04. maí 2020

Umsögn

Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja hefur borist umsagnarbeiðni vegna framkvæmda bílastæðis við Seltjörn.


Seltjörn er innan skilgreinds vatnsverndarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gerir ekki athugasemdir á framkvæmdinni að því gefnu að farið sé eftir skilyrðum og verklagsreglum embættisins fyrir jarðvinnu og vegagerð innan vatnsverndarsvæðis.

Skilyrði og verklagsreglur fyrir jarðvinnu og vegagerð innan vatnverndarsvæðis eru eftifarandi:

1. Viðbragðáætlun vegna mengunaróhappa skal vera til staðar og rækilega kynnt öllum starfsmönnum er starfa við framkvæmdina.
2. Verksali skal tilnefna ábyrgðamann(fulltrúa) sem annast samskipti við heilbrigðiseftirlitið á meðan á framkvæmdum stendur.
3. Allir bílar og öll tæki sem fara inná vatnsverndarsvæðið skulu vera skoðuð af viðurkenndum skoðunaraðila eftir því sem við á, s.s. Bifreiðaskoðun og Vinnueftirlit.
4. Skilgreint svæði fyrir eldsneytisáfyllingu, fleygskipti eða skipti annar tóla á tækjum sem gæti valdið leka á glussa skal útbúið þannig að olíuskiptadúkur skal grafin í jörðu. Dúkurinn skal vera lagður í dæld sem mótuð er úr sandi. Yfir dúknum skal vera amk. 50 cm þykkt sandlag. Svæðið skal hið minnsta vera 4*8m.
5. Við eldsneytisdælingu skal tæki fært á skilgreint áfyllingarsvæði og skal áfylling fara þar fram. Við áfyllingu skal olíuklútur minnst 30x30 cm með krossskurði í miðju settur utan um olíustút tækis.
6. Ef eldsneyti, glussi eða önnur olía fer niður í sand á skilgreindu svæði skal fjarlægja sandinn án tafar og koma honum í viðurkennda spilliefnamóttöku. Þá skal slíkt tilkynnt til heilbrigðiseftirlitsins.
7. Vélarolíuskipti og glussaskipti skulu skilyrðislaust framkvæmd utan vatnsverndarsvæðis.

8. Starfsmönum sem starfa inn á vatnsverndarsvæði skulu vera kynntar verlagsreglur ásamt almennum öryggisreglum og viðbragðsáætlun. Verkstjóri verktaka skal fara yfir þessar reglur með starfsmönum sínum áður en störf á vatnsverndarsvæði hefjast.
9. Verkstjóri á verkstað skal yfirfara vélar og tæki sem eru inn á vatnsverndarsvæðinu á tveggja vikna fresti og skoða þau með tilliti til leka. Fylgja skal gátlista við skoðun og merkja við þegar tiltekin atriði hafa verið skoðuð.
10. Leitast skal við eftir fremsta megni að olíumagn í eldsneytisáfyllingarbílum sem fara inná vatnsverndarsvæði verði takmarkað við magn sem á að dæla í hvert skipti.
11. Við hverja eldsneytisáfyllingu skal eftirlitsaðili frá verktaka fylgja áfyllingarbílum eftir á öðrum bíl inn og út af svæðinu til að geta gripið til aðgerða ef óhapp verður. Sá aðili sem fylgir eldsneytisáfyllingarbílum í hvert skipti skal hafa til taks nauðsynlegan mengunarvarnarbúnað s.s ísogsefni og hafa þekkingu á því hvernig bregðast skal við ef óhapp eða slys á sér stað.
12. Verksali skal kalla til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja ef ófyrirséð vandamál er tengjast framkvæmdinni koma upp.
13. Tilkynning skal berast til Heilbrigðiseftirlitsins við verkþyrjun og minnst með viku fyrirvara um verklok.
14. Eintök af skilyrðum og verlagsreglum skulu ávallt vera tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað skilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Heilbrigðiseftirlitið getur stöðvað framkvæmdir á svæðinu ef ákvæðum skilyrðanna er ekki fylgt eða ef rökstuddur grunur er um að öryggi vatnsverndar sé ógnað.

Virðingarfyllst,



J. Trausti Jónsson,
heilbrigðisfulltrúi.